

TÓNLIST ER FYRIR ALLA

FIMMTUDAGUR 8. september

09 15

SKRÁNING

Morgunhressing og heitt á könnunni

10 00

TÓNLISTARATRÍÐI

Ikuzus strengjasveitin

10 05

OPNUN RÁÐSTEFNU

10 10

ÁVARP

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra

10 30

HORFT FRAM Á VEGINN

Í fyrirlestrinum er sjónum beint að stöðu tónlistarnáms og tónlistarkennslu á okkar tímum. Rýnt er í stöðuna á Íslandi, tónlistarskólakerfið og tónlistarmenntun á háskólastiginu og tengt við þá umræðu sem á sér stað varðandi þróun tónlistarnáms í Evrópu. Hverjar eru áskoranirnar og hvar liggja tækifærin?

Elin Anna Ísaksdóttir, fagstjóri í sviði hljóðfæranáms við tónlistardeild LHI
Tryggvi M. Baldvinsson, tónskáld og forseti tónlistardeildar LHI

11 00

UMRÆÐUTORG I:

TÓNLISTARSKÓLI FRAMTÍÐAR

Hvaða augum líta kennaranemar og ungir kennarar tónlistarskóla framtíðar?

Sæbjörg Eva Hlynsdóttir
Sólrún Svava Kjartansdóttir
Sigurlaug Björnsdóttir Blöndal
Rún Arnadóttir
Gunnar Ingi Jóseppson
Borgþór Jónsson
Ásthildur Ákadóttir

12 00

HÁDEGISVERÐUR Í FLÓA

13 00

WORKSHOP: SKÖPUNARKJARKUR

Það krefst kjarks að spinna og semja tónlist í hóp. Þátttakendur þurfa sannarlega að finna kjarkinn en ekki sist leiðbeinendur. Vel heppnuð tónlistarsmiðja með áherslu á spuna, samspil og lagasmíðar er tækifæri fyrir tónlistarmann að stíga út í óvissuna, treysta á sig og hljóðfærið sitt, finna sína rödd í hópnum en einnig styðja hugmyndir annarra.

Ingibjörg Friða Helgadóttir
Sigurður Ingi Einarsson

13 40

UMRÆÐUTORG II: NÝBREYTNÍ Í KENNSLU

Í umræðutorgi um nýbreytni í kennslu er skyggnst inn í mismunandi nálganir kennara í tónlistarkennslunni. Flutt verða sex örerindi og í framhaldinu tekur við umræðutorg um málefnið. Hvaða hvati er að baki nýbreytniverkefnum og hver eru hin kennslufræðilegu sjónarmið?

Ingunn Hildur Hauksdóttir Tónakonfektmolur

Mitt innlegg er að fjalla um nálgun í að laða fram spuna byrjenda. Í pianókennslu leitast ég við að efla spilagleði og opna hug og hjarta nemandans fyrir undraheimi tónlistarskópunar. Í þeim skapandi leiðangri nota ég ýmsar aðferðir. Hér fjalla ég um „Tónakonfektmolana“. Ég mun ræða um aðferðafræðina og kennslufræðilegan grundvöll.

Snorri Heimisson „Ef þessir nemendur myndu nú bara æfa sig“

Snorri Heimisson segir frá tilrauninni „mengjakennslu“. Markmið mengjakennslunnar er að koma til móts við þá þróun sem orðið hefur í samfélaginu með aukinni notkun á snjalltækjum og samfélagsmiðlum sem étur upp tíma nemenda okkar. Tími nemenda til heimaæfinga verður sífellt takmarkaðri. Hvað er til ráða?

Laufey Kristinsdóttir Tónsmiðaskjóðan

Í innleggi minu mun ég greina frá hugmyndafræði og markmiðum sem liggja til grundvallar því námsefni sem ég er að vinna að „Tónsmiðaskjóðan, Vinnubók 1 fyrir piano“. Ég mun ræða um þá námslegu möguleika sem felast í skapandi vinnu og þær upplýsingar sem vinna nemandans getur gefið kennara. Skoða hvernig kennari getur á rannsóknarmiðaðan hátt nýtt tónsmiðar til að efla skilning nemandans á innri gerð tónlistar og færni allt frá fyrst tíma.

Jón Hilmar Kárason Það er Skrimslí undir rúminu þínu

Skrimslíð birtist öskrandi og eldspúandi þegar þú ætlar að gera eitthvað sem skiptir máli og það gerir allt til þess að fá þig til að hætta. Jón Hilmar kemur með nokkrar hugmyndir sem krefjast þess að þú takir fram brynjuna og sverðið og berjist upp á líf og dauða við Skrimslíð undir rúmi.

Sóley Stefánsdóttir Aðferðarfræði lagasmíða

Skoðaðar nýjar aðferðir til tónsmiðaskópunar með það að markmiði að afhjúpa leiðir til að hlusta á, hugsa um og skapa tónlist. Ahersta er lögð á að þroska og efla nemendur í tónsmiðanálgu sinni en einnig að útvíkka þekkingu þeirra á jadarpopptónlist samtímans.

Ingibjörg Friða Helgadóttir/Sigurður Ingi Einarsson Spunavélin

Spunavélin er yfirheiti skemmtilegra og lífandi tónlistarvinnusmiðja sem Sigurður Ingi og Ingibjörg Friða hafa haldið og stýrt reglulega síðustu ár. Megináhersla Spunavélarinnar er að virkja þátttakendur, börn og fullorðna, í tónsköpun og tónlistarspuna. Spunavélin er alls ekki föst í skorðum heldur er hægt að aðlaga hana og breyta eftir ólíkum aðstæðum. Avallt er þó unnið að því að fanga hugmyndir þátttakendanna í gegnum skapandi vinnu, sem síðar verða að mikilvægum efniviði á lokatónleikum.

Umræðu-
stjórnun:
Jóhann I.
Benedikts-
son &
Sigrún
Grendal

14 45

KAFFI

UMRÆÐUTORG III: SAMSTARFS- VERKEFNI TÓNLISTARSKÓLA

Kynnt verða fimm spennandi tilrauna- og þróunarverkefni í tónlistarskólum. Rýnt verður í samstarfsverkefni tónlistarskóla innan skólakerfisins, hvers eðlis eru þau og hvaðan eru þau sprottin?

Anna Hugadóttir - Lækjum þröskuldinn: Samstarfsverkefni TSDK og Fellaskóla

Verkefnið er framhald af öðru samstarfi skólanna og hófst haustið 2020. Markmið þess er að fjölga tónlistarnemum í Breiðholti með því að auðvelda aðgengi að gæða hljóðfæranámi og tryggja ástundun. Kennnt er á fiölu og pianó í einka- og hóptimum á skólatíma/fristund, 4-5 sinnum í viku. Tveir kennarar sinna fiðlukennslunni í teymisvinnu. Verkefnið hefur fjölgað nemendum af fjölbreyttum uppruna við TSDK og hefur kennslufyrirkomulagið reynst mjög vel.

Lilja Dögg Gunnarsdóttir Tónsmíðja í FÁ

Kynning á tónsmíðju í FÁ. En markmið hennar eru m.a. að nemendur þjálfist í tónlistarskópun og samspili, kynnist ólíkum tónlistarstílum, efla sviðsframkomu og efla trú sína á eigin færni og getu til að vaxa í samfélagi tónlistar og sköpunar. Lögð er rík áhersla á að vinna út frá getu og áhugasviði nemendahöps hverju sinni. Námið fer fram í smíðjum og er verklegt.

Heiðrún Hámundardóttir Bílskúrin – Þróunarverkefni

Bílskúrin er verkefni sem í stuttu máli gengur út á að þróa einfaldar og nytsamlegar útsetningar á rokk/popplögum til æfinga. Unnið er með unglíngahljóm-sveitum í Tónlistarvali og leitast er við að nota óformlegar náms- og kennsluáferðir í tónlist. Afsprengi vinnunnar er vefsíða með lögum sem ung-lingarnir hafa valið, í einföldum útsetningum í aðgengi-legri uppsetningu. Verkefnið hefur hlotið styrki frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands og Þróunarsjóði námsgagna.

Elfa Lilja Gísladóttir - Upptakturinn – tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna

Með Upptaktinum, Tónsköpunar verðlaunum barna og ungmenna, er ungu fólki gefið tækifæri til að senda inn tónsmíð eða drög að henni og vinna markvisst úr hugmyndum sínum með fulltíngi listnemenda og listanna. Afrakstur þeirrar vinnu má sjá og heyrna á tónleikum Upptaktisins í Hörpu á opnunardegi Barnamenningarhátiðar ár hvert þar sem atvinnuhljóðfæraleikarar leika tónverkin og ungmennin sitja á meðal áheyrenda.

Ólafur Eliasson Miðstöðin

Rytmadeildin gengur út á nám í rytmiskri/popptónlist á forsendum nemenda. Í deildinni læra nemendur hljóðfæraleik á rytmisk hljóðfæri og flest allt sem þarf til að láta tónlistardrauma sína rætast. Þeir læra að spila í hljómsveitum, semja lög og útsetja, taka þau upp og hljóðvinna og koma tónlist sinni á framfæri. Þessu ferli stýra nemendur sjálfir og fá til þess bestu aðstoð sem hugsast getur og óheftan aðgang að fullkornustu aðstæðum landsins til tónlistariðkunar; fyrsta flokks hljóðfærum, tækjum og búnaði. Kennnt er á grundvelli aðalnámskrár í rytmiskri tónlist.


16 20 HLJÓÐHIMNAR

Ingibjörg F. Helgadóttir kynnis Hljóðhimna sem er nýtt upplifunarrými í Hörpu, ætlað börnum og fjölskyldum þeirra, staður til að uppgötva tófraheim tóna hljóðs og tóna.

16 30 SAGA GARÐARSDÓTTIR leikkona & uppistandari leikur af fingrum fram!

17 00 DAGSKRÁRLOK Í NORÐURLJÓSUM

17 15 SAMVERA Í NORÐURBRYGGJU



FÖSTUDAGUR 9. september

08 30 SKRÁNING Morgunhressing og heitt á könnunni

09 00 TÓNLISTARATRÍÐI Umbra gefur tóninn fyrir dag tvö

09 05 FYRIRLESTUR: HVAÐ ER SVONA SÉRSTAKT VIÐ TÓNLIST

Í fyrirlesturinum fjallar Dr. Helga Rut um nýlegar rannsóknir á áhrifum tónlistar og tónlistarnáms á manneskjuna. Leitað er fanga í rannsóknum á sviði tónlistarsálfræði auk heila- og taugarannsóknna sem gera okkur kleift að skilja betur vægi tónlistar í lífi fólks frá vöggu til grafar.

Dr. Helga Rut Guðmundsdóttir

09 30 UMRÆÐUTORG IV: TÓNLIST Í STÓRA SAMHENGINU – SAMFÉLAGSLEG FJÁRFESTING

Tónlistarnám sem hluti af lífsgæðum og velferð. Stuttar kynningar á nýsköpunarverkefnum varða leiðina í umræðutorg um tónlist í stóra samhenginu.

Sigurður Halldórsson Tónlist og heilabilun & DaDom

Sigurður Halldórsson, prófessor og fagstjóri, kynnis verkefni sem hafa verið í þróun við tónlistardeild Listaháskólans innan evrópska meistaranámsins NAIP (New Audiences and Innovative Practice). Á undanföllum sex árum hefur námskeiðið Tónlist og Heilabilun verið starfrækt fyrir nemendur LHÍ í samvinnu við hjúkrunarheimili og dagþjálfunarstofnanir. Nýlega kom Sinfóníuhljómsveit Íslands einnig inn í samstarfið með virkum hætti. Námskeiðið byggir á fræðslu og spuna-smíðjum með þáttöku einstaklinga með heilabilun og umönnunaraðila þeirra. Einnig kynnis Sigurður nýhafið

Umræðu-
stjórnun: Dr.
Helga Rut
Guðmunds-
dóttir

þriggja ára Erasmus verkefni sem tónlistardeildin tekur þátt í, með fulltingi Magneu Tómasdóttur söngkonu og tónlistarkennara, sem nefnist DaDom (eða Daily Dose of Music) þar sem þróað verður nám í tónlistariðkun fyrir sjúkraliða sem hafa tónlistarbakgrunn og vilja nýta tónlist í störfum sínum. Þátttakendur í verkefninu eru heilbrigðis stofnanir, háskóla- og framhaldsskólafólk, tónlistar-fólk og músikmeðferðarfræðingar.

Dagný Arnalds – Jónungur Biering Margeirsson Tungumálatófrar – Í takti tölum við saman

Tungumálatófrar eru íslenskunámskeið fyrir börn þar sem áhersla er lögð á að styrkja sjálfsmynd og íslenskukunnáttu þátttakenda í gegnum listsköpun. Í gegnum myndlist, tónlist, sögur, dans og leiki skapast umhverfi og vettvangur sem eflir málvitund og hvetur börnin til þess að tjá sig á íslensku. Með því að vinna saman að listsköpun myndast tækifæri til þess að eiga í samskiptum og nálgast tungumálið út frá sameiginlegri reynslu.

Inga Björk Ingadóttir Tónlistin sem í barninu býr

Hver er leið barnsins að tónlistinni? Þegar tónlistin verður að gríðarstað, að innan og utan um barnið, opnast nýjar leiðir. Leiðir til tjáningar, vaxtar og veru sem sú manneskja sem við erum. Að finna og kynna sinum eigin tón, sinni eigin innri tónlist – og finna henni farveg – er tækifæri, markmið og vegferð tónlistarsköpunar með nemendum Hljómu.

Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir Bítladraumurinn – tónlist með eldri borgurum

Fyrirlesturinn er að mestu um námskeið sem var haldið sumarið 2021 í á vegum Hafnarfjarðarbæjar í samstarfi við tvo kennara úr Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Verkefnið er sniðið að eldri borgurum sem hafa hljóðfærareynslu, formlega sem óformlega. Markmið verkefnisins er að bjóða fólki upp á námskeið þar sem þátttakendum gefst kostur á að bæta sig í hljóðfæraleik og samspili undir handleiðslu hljóðfærakennara.

Gunnar Benediktsson Samfélagslega námsbraut

Skapandi tónlistarmiðlun er samfélagstengd námsbraut við Listaháskóla Íslands. Nemendur fá þjálfun í tónsköpun með ólíkum samfélagshópum, óháð bakgrunni og tónlistarþekkingu. Á námsstímanum vinna nemendur til dæmis með hælisleitendum, grunnskólabörnum á ýmsum aldri, fólki í endurhæfingu og svo auðvitað samnemendum sínum.

10 35 KAFFI

11 00 UMRÆÐUTORG V: NÝJAR LEIÐIR & NÝIR MARKHÓPAR

Hvaða nýju leiða og nýju markhópa þarf tónlistarskóli fyrir alla að horfa til? Framsögur fimm frummælenda um nýjar leiðir í tónlistarnámi og tónlistarkennslu sem hjálpa okkur af stað við leitina að svari.

Jón Hilmar Kárason Hvernig kenni ég á netinu

Jón Hilmar Kárason er ef til vill eini íslenski tónlistarkennarinn sem kennir eingöngu í gegnum netið. Hann byrjaði að kenna á netinu árið 2015 og hefur eingöngu gert það síðan 2018. Nú í vor kláraði fyrsti nemandinn grunnpróf sem eingöngu lærir í gegnum netið. Jón Hilmar ætlar að segja okkur frá því sem hann hefur lært á þessum árum og hvaða skref þarf að taka til þess að láta netkennsluna ganga.

Haukur Pálmason - Skapandi tónlist – Ný nálgun í tónlistarkennslu á Íslandi

Skapandi Tónlist er nýjasta deildin í Tónlistarskólanum á Akureyri. Deildin hefur nokkuð aðra nálgun en hefðbundið tónlistarnám, en mesta áherslan er lögð á sjálfstæð tónlistarverkefni. Hver nemandi kemur með hugmynd að tónlistarverkefni sem hann þróa með kennara sínum. Jafnframt sækir hann einkatíma á hljóðfæri, söng, eða hljóðversvinnu, og svo þá hoptíma sem best styðja við tónlistarverkefni hans. Námið er því sniðið að áhugasviði hvers og eins.

Steinar Fjeldsted

Steinar byrjaði ungur að fíkta við tónlistarsköpun og hefur verið viðloðandi íslensku tónlistarsenuna um árabíl en árið 1996 stofnaði hann ásamt félögum sínum hljómsveitina Quarashi sem náði gríðarlegum vinsældum út um allan heim. Fyrir tveimur árum síðan stofnaði Steinar tónlistarskólann Púlz, tónlistarskóli framtíðarinnar þar sem tónlistarsköpun og tæknikunnáttá helst hönd í hönd. Hjá Púlz er kennt á öll nýjustu tæki og tól og börn, unglingar og fullorðnir fá þar tækifæri, aðstöðu og leiðsögn til þess að smíða eigin tónlist í faglegu og skapandi umhverfi.

Kristín Valsdóttir Endurræsum

Eigi tónlist í raun að vera fyrir alla kallar það á uppfærslu – uppfærslu á kerfum og uppfærslu á því hvernig við hugsum um tónlist og tónlistarnám. Það hvernig við nálgumst viðfangsefnið okkar er ekki bara sjálfstæð ákvörðun hverju sinni, hún er alltaf lítuð af þeim hugsunum og kerfum sem hafa mótað okkur. Til að taka meðvitaða afstöðu um að breyta kallar því á djúpa og meðvitaða sjálfskoðun – það þarf stundum að endurræsa heilann – nú eða heilu kerfin!

Guðni Franzson Fimmán árum síðar

Hugleiðingar um tónlist og tónlistarkennslu á liðnum árum og framtíðarpælingar.

12 00 HÁDEGISVERÐUR Í FLÓA

12 45 ÁSTA DÓRA FINNSDÓTTIR
píanóleikari leikur fyrir ráðstefnugesti í Flóa.

13 00 FYRIRLESTUR: HVAR ERUM VIÐ STÖDD, HVAD GETUM VIÐ GERT NÚNA OG HVERT STEFNUM VIÐ?

Karen Erla Karólinudóttir og Ingunn Jónsdóttir kynna niðurstöður umræðuhópa um endurskoðun aðalnámskrár frá haustinu 2020 og niðurstöður könnunar um mat á tónlistarnámi sem hluta af námi í framhaldsskólum 2022.

13 30 UMRÆÐUTORG VI: HÓPAUMRÆÐUR
Fólk skiptir sér í umræðuhópa í Norðurljósum.

14 40 KAFFI

15 10 FYRIRLESTUR: RICK BEATO
gestafyrirlesari slær botninn í ráðstefnuna á sína vísu!

16 00 RÁÐSTEFNULOK

Umræðu-
stjórnun:
Jóhann I.
Benedikts-
son &
Sigrún
Grendal